

## Fasteignatrygging

---

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Sameiginlegir skilmálar .....   | 5  |
| 1. gr. Hverjir eru vátryggðir? .....  | 5  |
| 2. gr. Hvað er vátryggt? .....  | 5  |
| 3. gr. Vátryggingarfjárhæð .....  | 5  |
| 4. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni .....   | 5  |
| 5. gr. Iðgjaldabreytingar .....   | 5  |
| 6. gr. Skoðun - viðhald .....   | 5  |
| 7. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar .....                                       | 5  |
| 8. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu ..... | 6  |
| 9. gr. Tilkynning um tjón .....   | 7  |
| 10. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning .....   | 7  |
| 11. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni .....  | 7  |
| 12. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar - sérstök uppgjorsregla .....                                | 7  |
| 13. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....                                | 7  |
| 14. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði .....   | 8  |
| 15. gr. Brot á varúðarreglum .....  | 8  |
| 16. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun .....                     | 8  |
| 17. gr. Aukin áhætta .....  | 8  |
| 18. gr. Tvítrygging .....   | 8  |
| 19. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl. ....                       | 8  |
| 20. gr. Endurkröfuréttur .....  | 9  |
| 21. gr. Ágreiningur .....   | 9  |
| 22. gr. Varnarþing .....  | 9  |
| 23. gr. Vernd persónuupplýsinga .....   | 9  |
| 24. gr. Vátryggingarsvið .....  | 9  |
| Vatnstjónstrygging A .....  | 10 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....  | 10 |
| 2. gr. Varúðarregla .....   | 10 |
| 3. gr. Bótaákvörðun – uppgjör tjóns .....   | 10 |
| 4. gr. Eigin áhætta .....   | 10 |
| Vatnstjónstrygging B .....  | 10 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....  | 10 |
| 2. gr. Undanskildar áhættur vátryggingin bætir ekki: .....  | 10 |
| 3. gr. Varúðarregla .....   | 11 |
| 4. gr. Bótaákvörðun – uppgjör tjóns .....   | 11 |
| Skýfalls- og asahlákutrygging .....   | 11 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....  | 11 |
| 2. gr. Undanskildar áhættur .....   | 11 |

## VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

## Fasteignatrygging

|  |    |
|--|----|
| 3. gr. Varúðarregla .....  | 11 |
| Frostsprungutrygging .....   | 11 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 11 |
| Snjópungatrygging .....  | 11 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 11 |
| 2. gr. Undanskildar áhættur .....  | 11 |
| Fok- og óveðurstrygging.....   | 11 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 11 |
| 2. gr. Undanskildar áhættur .....  | 11 |
| Húsaleigutrygging .....  | 12 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 12 |
| Innbrotstrygging .....   | 12 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 12 |
| 2. gr. Undanskildar áhættur .....  | 12 |
| Glertrygging 12  |    |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 12 |
| 2. gr. Undanskildar áhættur .....  | 12 |
| 3. gr. Bótaákvörðun – uppgjör tjóns.....   | 12 |
| 4. gr. Eigin áhætta .....  | 12 |
| Brot- og hrunstrygging.....  | 12 |
| 1. gr. Loftklæðningar og innréttingar.....   | 12 |
| 2. gr. Hreinlætistæki .....  | 13 |
| 3. gr. Keramikhelluborð .....  | 13 |
| Sótfallstrygging.....  | 13 |
| 1. gr. Vátryggingin bætir: .....   | 13 |
| Ábyrgðartrygging .....   | 13 |
| 1. gr. Hverjir eru vátryggðir? .....   | 13 |
| 2. gr. Hvenær eru menn skaðabótaskyldir? - málsmeðferð .....                           | 13 |
| 3. gr. Vátryggingarfjárhæð – eigin áhætta .....  | 14 |
| 4. gr. Hvað bætir vátryggingin? .....  | 14 |
| 5. gr. Undanskildar áhættur .....  | 14 |
| 6. gr. Undanskildar áhættur sem vátryggja má sérstaklega:.....                         | 14 |
| 7. gr. Tímatakmörk vátryggingarinnar .....   | 14 |
| 8. gr. Réttur til að greiða tjónþola og til útborgunar á vátryggingarfjárhæðinni ..... | 15 |
| Réttaraðstoð15   |    |
| 1. gr. Hverjir eru vátryggðir? .....   | 15 |
| 2. gr. Gildissvið réttaraðstoðar.....  | 15 |
| 3. gr. Vátryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni: .....              | 15 |
| 4. gr. Val á málflytjanda.....   | 16 |
| 5. gr. Vátryggingarsvið réttaraðstoðarinnar - greiðsla bóta.....                       | 16 |
| 6. gr. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta sem gilda fyrir réttaraðstoðina .....       | 16 |

## VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

Fasteignatrygging

|        |   |    |
|--------|---|----|
| 7. gr. | Hvenær er hægt að óska eftir réttaraðstoð?..... | 16 |
| 8. gr. | Hvar vátryggingin gildir.....                   | 17 |
| 9. gr. | Endurkrafa.....                                 | 17 |

## Sameiginlegir skilmálar

### 1. gr. Hverjir eru vátryggðir?

Vátryggingartaki er vátryggður. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda vátryggðrar húseignar.

### 2. gr. Hvað er vátryggt?

Vátryggingin tekur til húseignar þeirrar eða hluta húseignar sem skráð er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, ásamt fylgifé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignarinnar, þó ekki girðinga né loftneta.

### 3. gr. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð miðast við brunabótamat húseignarinnar að því er tekur til eignarhluta vátryggingartaka eins og það er á hverjum tíma. Endurmat skal tilkynna félaginu.

Gildandi vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Tjón bætast í samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

### 4. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

Eignatjón sem vátryggt er gegn samkvæmt vátryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir. Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.

Þar af leiðandi eru undanskilin í vátryggingu þessari:

- Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökðu eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.
- Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarsviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

### 5. gr. Iðgjaldabreytingar

Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum orsökum sem raska bótgrundvellingnum, ef þessi atriði hafa ekki áhrif á brunabótamat vátryggðrar húseignar. Slíkar breytingar veita hvorki vátryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

### 6. gr. Skoðun - viðhald

Félagið áskilur sér rétt til þess að áhættuskoða hina vátryggðu fasteign hvenær sem þörf þykir. Vátryggðum ber að halda hinni vátryggðu fasteign eðlilega við. Ef vanræksla á þessu leiðir til tjóns getur það valdið takmörkun bóta eða niðurfellingu þeirra.

### 7. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

#### Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

### Endurnýjun

Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingaskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

### Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
3. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan;
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
  - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
  - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
  - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

5. Ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
  - a. félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar;
  - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.
7. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2004.

## 8. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar andvirði hins vátryggða er greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim sökum.

## 9. gr. Tilkynning um tjón

Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Innbrot, þjófnað og rán skal jafnframt tilkynna til lögreglu þegar í stað með ósk um rannsókn.

Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

## 10. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004. Krafa vátryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 11. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar vátryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 12. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar - sérstök uppgjorsregla

Bætur miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið.

Tjón á hinni vátryggðu húseign bætist að hámarki með þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni vátryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu vátryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins vátryggða.

Ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

### Sérstök uppgjorsregla

Við greiðslu tjóns á parketi sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## 13. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

### Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

### Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 7. gr. skilmála þessara.

## 14. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

### Ásetningur

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

### Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

## 15. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttemisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr vátryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

## 16. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi maka vátryggðs sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b.liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

Að því er varðar atvinnuhúsnæði gildir hið sama um bótarétt vegna háttsemi starfsmanns vátryggðs, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 17. gr. Aukin áhætta

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð hins vátryggða. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 18. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem vátrygging þessi tekur til eru einnig vátryggðir með annarri vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

## 19. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, upppoti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

1. jónandi geislun eða mengun af völdum hverskonar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
3. hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnmalalegum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér, spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Viðlagatryggingu Íslands.

## 20. gr. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

## 21. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 22. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 23. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

## 24. gr. Váttryggingarsvið

Í Fasteignatryggingunni eru eftirtaldar váttryggingar:

1. Vatnstjónstrygging A eða B
2. Skýfalls- og asahlákuþrygging
3. Frostsprungutrygging
4. Snjópungatrygging
5. Fok- og óveðurstrygging
6. Húsaleigutrygging
7. Innbrotstrygging

8. Glertrygging
9. Brot- og hrunstrygging
10. Sótfallstrygging
11. Ábyrgðartrygging
12. Réttaraðstoð

## Vatnstjónstrygging A

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. Einnig bætast tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka úr frystikistum, kælikápum, vatnsrúmum og fiskabúrum.

Tjón á húseign vegna leka úr leiðslum í sameign bætast í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs í sameigninni.

#### Undanskildar áhættur

vátryggingin bætir ekki:

Skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

Tjón sem rekja má til missigs frárennislagna bætast þó aldrei.

### 2. gr. Varúðarregla

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í óupphituðum húsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og að vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum sé tæmd þegar hætta er á frosti.

### 3. gr. Bótaákvörðun – uppgjör tjóns

Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðast fyrir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Ekki er þó bættur sá hlutur eða hluti er tjóninu olli svo sem rörin sjálf eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

### 4. gr. Eigin áhætta

Í hverju tjóni ber vátryggður í eigin áhættu þá fjárhæð er kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Fjárhæð eigin áhættu fylgir þróun verðlags í landinu og breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu frá upphafsdegi vátryggingartímabilsins.

## Vatnstjónstrygging B

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innanhúss og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr:

- a. Salernisskálum, handlaugum, baðkerum, vöskum, ofnum, þvotta- og uppþvottavélum, frystikistum og kælikápum.
- b. Krönnum sem gleymst hefur að skrúfa fyrir.
- c. Vatnsrúmum og fiskabúrum.

Tjón á húseign vegna leka frá ofangreindum tækjum í sameign bætast í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs.

### 2. gr. Undanskildar áhættur vátryggingin bætir ekki:

Skemmdir af völdum leka frá leiðslum í veggjum, gólfum eða loftum, hvort sem um er að ræða vatnsleiðslur eða frárennislagnir.

Skemmdir sem verða vegna þess að vatn þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst.

### 3. gr. Varúðarregla

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í óupphituðum húsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og að vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum sé tæmd þegar hætta er á frosti.

### 4. gr. Bótaákvörðun – uppgjör tjóns

Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Bætur greiðast ekki fyrir skemmdir á tækjum þeim sem vatnsleki kemur frá né heldur kostnað við lagfæringu þeirra.

## Skýfalls- og asahlácutrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Tjón á vátryggðri húseign ef jarðvegsvatn flæðir inn í hana, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku). Með skyndilegri úrhellisrigningu og snjóbráð er átt við að vatnsmagnið verði skyndilega svo mikið að jarðvegnsniðurföll leiði það ekki frá.

### 2. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir þó aldrei tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum, þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Viðlagatryggingu Íslands er skylt að bæta.

### 3. gr. Varúðarregla

Það er skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins að vátryggður hreinsi frá niðurföllum við hina vátryggðu húseign svo snjór, klaki eða óhreinindi stífla þau ekki.

## Frostsprungutrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Tjón á vatnsleiðslukerfi innanhúss vegna frostsprungna sem verða við það að hitakerfi hússins bílar skyndilega.

Undanskilin eru tjón á snjóbræðslukerfum. Tjón af völdum vatns er bætt úr Vatnstjónstryggingunni.

## Snjóþungatrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Tjón á vátryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg hennar.

### 2. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða né heldur tjón sem er afleiðing af byggingargalla.

## Fok- og óveðurstrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Skemmdir á vátryggðri húseign af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu (11 vindstigum) samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

### 2. gr. Undanskildar áhættur

Tjón af völdum sandfoks bætist ekki.

## Húsaleigutrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Húsaleigu sem vátryggður tapar eða verður að greiða ef nauðsynlegt reynist að flytja úr húsnæði vegna tjóns sem bótaskyld er samkvæmt skilmálum þessum. Hún skal miðast við eðlilega húsaleigu hins vátryggða húsnæðis þann tíma sem viðgerð stendur yfir. Bætur geta þó ekki numið hærri fjárhæð á mánuði en sem nemur 6% af vátryggingarfjárhæðinni. Bætur greiðast í allt að 6 mánuði eftir hvern tjónsatburð. Eyðileggist húsið þannig að ekki sé gert við það nema bæturnar einni mánaðarleigu.

## Innbrotstrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Skemmdir á vátryggðri húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots. Það telst innbrot þegar farið er í heimildarleysi inn í hús eða læst herbergi með því að brjóta upp læsingu, með stolnum lykli eða með öðrum afbrigðilegum ráðum. Það telst einnig innbrot þegar farið er inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu.

### 2. gr. Undanskildar áhættur

Skemmdir á póstkössum bætast ekki.

## Glertrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Tjón á gleri í vátryggðri húseign ef það brotnar, eftir að það er ísett og endanlega komið fyrir á sínum stað og svo lengi sem það er á sama stað.

### 2. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki tjón á gleri í heimilistækjum, skrautgleri, glerlistaverkum eða gleri sem er utan veggja hússins. Sumt af því sem hér er undanskilið er þó hægt að vátryggja sérstaklega.

Vátryggingin bætir ekki tjón ef flísast úr gleri eða það rispast án þess að brotna. Þá eru ekki bættar skemmdir af þenslu, vindingi eða ófullnægjandi viðhaldi ramma eða lista.

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging eða viðlagatrygging tekur til. Ekki heldur tjón sem stafa af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málun og venjulegu viðhaldi húss.

Vátryggingin bætir ekki skemmdir vegna vinnu við breytingar nálægt glerinu eða ramma þess. Sama gildir um skemmdir sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. loftloka eða vinnu við slíkan búnað. Tjón á gleri af völdum móðu milli glerja bætist ekki.

### 3. gr. Bótaákvörðun – uppgjör tjóns

Bætur miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði.

### 4. gr. Eigin áhætta

Í hverju tjóni ber vátryggður 20% eigin áhættu, þó að lágmarki þá fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskirteini eða iðgjaldskvittun.

## Brot- og hrunstrygging

### 1. gr. Loftklæðningar og innréttingar

Vátryggingin bætir:

Tjón sem verður á vátryggðri húseign vegna þess að festingar á innanhússloftklæðningu eða nagflastri innréttingu gefa sig skyndilega.

## 2. gr. Hreinlætistæki

### Vátryggingin bætir:

Brot á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu fasteignar, s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum, enda hafi það orðið vegna skyndilegs, óvænts og utanaðkomandi atburðar.

### Undanskildar áhættur

### Vátryggingin bætir ekki:

- Fylgihluti s.s. salernissetur og krana sem unnt er að nota aftur.
- Rispur eða aðrar skemmdir sem ekki teljast brot.
- Kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu.

### Bótauppgjör

Tjón á hreinlætistækjum bætist með því að félagið greiðir vátryggðum bætur sem samsvara verði þess sem brotnaði. Séu sams konar tæki ófánleg bætir félagið tjónið með fjárhæð sem nægt hefði til kaupa á sambærilegu tæki þegar tjónið varð.

## 3. gr. Keramikhelluborð

### Vátryggingin bætir:

Brot á keramikhelluborði, eingöngu þegar það brotnar vegna óvænts, skyndilegs utanaðkomandi atburðar eftir að því hafi verið endanlega komið fyrir á sínum stað og svo lengi sem það er á sama stað. Verðmæti keramikborðsins sjálfs er aðeins bætt.

## Sótfallstrygging

### 1. gr. Vátryggingin bætir:

Skemmdir á húseign sökum skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum enda fáist tjónið ekki bætt úr brunatryggingu húseignarinnar.

## Ábyrgðartrygging

### 1. gr. Hverjir eru vátryggðir?

Vátrygging gildir fyrir vátryggðan sem eiganda hinnar vátryggðu húseignar eða húseignarhluta.

### 2. gr. Hvenær eru menn skaðabótaskyldir? - málsmeðferð

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá sem sóttur er til greiðslu bóta á ekki sök á tjóninu ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína sé hann krafinn bóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga. Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

Er bótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði sem vátryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Komi til dómsmáls sem varðar vátryggingu þessa og félaginu er einu stefnt, getur félagið krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn vátryggðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að fara með málið fyrir vátryggðan.

### 3. gr. Vátryggingarfjárhæð – eigin áhætta

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð, sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

Í hverju tjóni ber vátryggður 10% eigin áhættu, þó ekki lægri en fjárhæð lágmarks eigin áhættu og ekki hærra fjárhæð en hámarks eigin áhættu sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu, greiðir félagið heldur ekki kostnað, þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærra en fjárhæð eigin áhættu.

### 4. gr. Hvað bætir vátryggingin?

Félagið vátryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan sem eiganda hinnar vátryggðu fasteignar eða eignarhluta vátryggðs í henni, eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans.

Ábyrgð vegna viðhalds húss

Vátryggingin tekur til ábyrgðar húseiganda vegna tjóns sem hlýst af minniháttar viðhaldi húss. Verði kostnaður við verklegar framkvæmdir vegna viðhalds húss yfir 5% af brunabótamatsverði þess, skal vátryggður tilkynna félaginu, óski hann eftir að áhætta vegna framkvæmdanna verði innifalin í vátryggingunni. Sé um að ræða vátryggingu vegna eignarhluta í húsi skal miða við matsverð eignarhlutans. Vátryggður skal greiða viðbótariðgjald fyrir framangreinda áhættu.

### 5. gr. Undanskildar áhættur

Ábyrgðartryggingin bætir ekki tjón:

- Sem hinir vátryggðu valda hverjum öðrum.
- Á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða af öðrum ástæðum eru í vörslu hans, þar á meðal munum sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.
- Sem vátryggður veldur sem eigandi, notandi, eða stjórnandi vélknúins ökutækis, skips, báts, loftfars, skotvopns eða dýrs.
- Sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- Vegna sekta, málskostnaðar eða annarra útgjalda í sambandi við refsímál.
- Sem fellur á vátryggðan sem eiganda annarrar húseignar eða húseignarhluta en þeirra sem getið er á vátryggingarskírteininu.
- Vegna endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingastofnunum.
- Sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar. Félagið bætir ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.

### 6. gr. Undanskildar áhættur sem vátryggja má sérstaklega:

- Tjón af völdum byggingaframkvæmda  
Félagið bætir ekki tjón sem verða vegna byggingaframkvæmda, t.d. vinnu við stækkun, endurbætur, breytingu eða skreytingu fasteignar sem vátryggður á.
- Tjón vegna viðhalds húss  
Félagið bætir ekki tjón sem hlýst af meiri háttar vinnu við viðhald húss, nema vátryggður hafi áður en framkvæmdir hefjast samið við félagið um viðbótartryggingu á þeirri áhættu (sbr. ábyrgð vegna viðhalds).

### 7. gr. Tímatakmörk vátryggingarinnar

Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hefur sér stað á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er vátryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum. Leiki vafi á því hvenær

athafnaleysi hefur valdið tjóni ber að telja að það hafi orðið er athöfn hafði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

## 8. gr. Réttur til að greiða tjónpola og til útborgunar á váttryggingarfjárhæðinni

Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónpola). Þegar váttryggður er ábyrgur vegna tjóns getur félagið á hvaða stigi máls sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða þá váttryggingarfjárhæð sem við á og áfallna vexti og kostnað sem svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

## Réttaraðstoð

Hlutverk Réttaraðstoðartryggingarinnar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði váttryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns. Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið, áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu, sem ekki þolir bið. Félaginu ber skylda til, á grunni fyrirliggjandi upplýsinga, að tilkynna hvort málið sem slíkt sé bótaskyldt eða ekki.

## 1. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggingin gildir fyrir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar eða húseignarluta.

## 2. gr. Gildissvið réttaraðstoðar

Váttryggingin tekur til ágreinings sem getur komið til úrlausnar héraðsdóms hér á landi eða, eftir að hafa sætt úrlausn í héraðsdómi getur komið til úrlausnar í Hæstarétti. Sé um að tefla ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi, tekur váttryggingin einungis til kostnaðar, sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð.

Váttryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó aðeins að endurupptaka sé heimiluð.

Athugasemd:

Váttryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

## 3. gr. Váttryggingin tekur ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni:

- Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.
- Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs.
- Sem varðar ábyrgð sem váttryggður hefur gengið í.
- Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum váttryggða.
- Sem varðar váttryggðan sem eiganda annarrar fasteignar eða rétthafa annarrar lóðar en getið er í skírteininu.
- Sem varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.
- Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn váttryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem váttryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- Sem varða ágreiningsmál milli váttryggðs og félagsins (Sjóvá-Almennra trygginga hf.).

#### 4. gr. Val á málflytjanda

Það er skilyrði bótaskyldu að vátryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Vátryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands.

Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.

Félagið getur farið þess á leit við Lögmannafélag Íslands að stjórna þess fjalli um sanngirni lögmannspóknunar og kostnaðar.

#### 5. gr. Vátryggingarvið réttaraðstoðarinnar - greiðsla bóta

Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað, sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Þetta þýðir m.a. að félagið greiðir ekki ef vátryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsóknar. Vátryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

Komi upp ágreiningur um réttmæti málflytningaþóknunar ber vátryggðum að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands samkvæmt 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

Bætur úr vátryggingu þessari eru greiddar þegar ágreiningur hefur verið til lykta leiddur.

##### Félagið greiðir:

- Þóknun lögmanns og kostnað.
- Kostnað við að afla álitssgerða, ef lögmaður vátryggða biður um álitssgerðina áður en til dómsmáls kemur, eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitssgerðar. Kostnaður við að afla álitssgerða er þó ekki greiddur fyrir en ágreiningur er til lykta leiddur.
- Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum eða gerðardómum.
- Réttargjöld.
- Málskostnað sem vátryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli eða gerðardómi við lok máls.
- Málskostnað sem vátryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

##### Bætur eru ekki greiddar til hinna vátryggðu fyrir:

- Eigin vinnu, tekjuskurðingu, ferða- og dvalarkostnað og annan kostnað.
- Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
- Greiðslur til gerðarmanna.
- Aukakostnað sem stafar af því að vátryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

#### 6. gr. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta sem gilda fyrir réttaraðstoðina

Félagið greiðir í einstöku tjónstilfelli að hámarki þá fjárhæð sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu 20% kostnaðar. Eigin áhætta er að lágmarki sú fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Um eitt tjón telst vera að ræða, ef hinir vátryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef vátryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót. Ef vátryggður getur í einu og sama tjónstilfelli fengið bætur samkvæmt 7. tölulíð frá fleiri vátryggingum í einu eða fleiri vátryggingafélögum, takmarkast bæturnar þannig að þær verði samanlagðar með bótum frá öðrum vátryggingum eigi hærri en hámarksfjárhæð bóta sem fram kemur á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

#### 7. gr. Hvenær er hægt að óska eftir réttaraðstoð?

##### Aðalregla

Hægt er að óska eftir réttaraðstoð ef váttryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Váttryggingin þarf ekki að hafa verið hjá þessu félagi allan tímann, ef váttryggður hefur haft samskonar váttryggingu hjá öðru félagi fær hann þá váttryggingu reiknaða sér til góða.

### **Ef váttryggður hefur ekki haft váttrygginguna í tvö ár**

Ef váttryggður hefur váttryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð, ef að þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni, hafi gerst eftir að Réttaraðstoðartryggingin tók gildi.

### **Ef váttryggingin er ekki lengur í gildi**

Ef váttryggður hefur ekki lengur neina Réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp, getur váttryggður þrátt fyrir það fengið réttaraðstoð frá váttryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

## **8. gr. Hvar váttryggingin gildir**

Váttryggður getur notið réttaraðstoðar ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni:

a. Gerast á Íslandi.

## **9. gr. Endurkrafa**

Að svo miklu leyti sem bætur vegna váttryggingarinnar hafa verið greiddar eignast félagið rétt hins váttryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2009 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. janúar 2006.**

[Efst á skjal](#)